

Fundur í fagráði nautgriparæktar 11. febrúar 2021

Fundargerð

Fundurinn var fjarfundur í Microsoft Teams, haldinn 11. febrúar 2021 og hófst kl. 15.00.

Mættir: Þórarinn Leifsson, Hermann Ingi Gunnarsson, Elín Heiða Valsdóttir, Sigurbjörg Ottesen, Björn S. Gunnarsson, Egill Gunnarsson, Margrét Gísladóttir, Sigtryggur Veigar Herbertsson og Guðmundur Jóhannesson er ritaði fundargerð.

Dagskrá:

1. Fundarsetning og fundargerð síðasta fundar
2. Kosning formanns og ritara
3. Nýtt kynbótamat
4. Staðan á erfðamengisúrvalinu
5. Niðurstöður skýrsluhaldsins 2020
6. Fagþing 2021
7. Þróunarsjóðurinn, ný umgjörð og aukið fjármagn 2021
8. Verkefnalisti í nautgriparækt fyrir nemendur í BSc. og MSc. námi
9. Önnur mál

1. Fundarsetning og fundargerð síðasta fundar.

Þórarinn Leifsson, formaður fagráðs, setti fund og stýrði honum. Hann bauð fundarmenn velkomna til fundar og þá sérstaklega nýja fulltrúa í fagráði, þær Elínu Heiðu Valsdóttur og Sigurbjörgu Ottesen. Hann þakkaði jafnframt Herdísi Mögnu Gunnarsdóttur og Andra Má Sigurðssyni gott samstarf í fagráði. Fundargerð síðasta fundar, dags. 16. október 2020, samþykkt en hún hafði áður verið afgreidd óformlega í tölvupósti.

2. Kosning formanns og ritara.

Þórarinn Leifsson kjörinn formaður og Guðmundur Jóhannesson ritari.

3. Nýtt kynbótamat.

Guðmundur fór yfir nýtt kynbótamat sem var keyrt núna í janúar að loknu ársuppgjöri. Guðmundur byrjaði á að segja frá því að verið væri að prófa nýtt líkan með einfaldari útreikningum varðandi efnahlutföll á þann veg að hætt verður að meta erfðastuðla fyrir próteinhlutfall og fituhlutfall sérstaklega. Þess í stað verði reiknað og birt kynbótamat fyrir efnahlutföll sem hlutfall af afurðaeiginleikumum í samræmi við samþykkt fagráðs frá 16. okt. s.l. Matið núna er þó ekki unnið með þessum hætti þar sem prófunum á hinu nýja líkani er ekki lokið.

Guðmundur fór yfir reynd naut í notkun og þær breytingar sem urðu á mati þeirra. Hann fór einnig yfir nautaárganga 2015 og 2016 en hægt er að ljúka afkvæmadómi á 2015 árgangnum á þessum tímamarki. Hann lagði fram tillögu að reyndum nautum í notkun næstu vikur og mánuði. Í dreifingu verði settir Steinar 15042, Mikki 15043, Sjúss 15048, Tanni 15065, Knöttur 16006, Bikar 16008 og Jarfi 16016. Úr dreifingu verði teknir Bakkus 12001, Pipar 12007, Loki 12071, Dúett 12097, Steri 13057, Golíat 15018, Jólnir 15022, Svampur 15027 og Flóði 15047.

Tillagan samþykkt.

Ákveðið að nautsfeður næstu mánuði verða Hæll 14008, Risi 15014, Steinar 15042, Mikki 15043, Tanni 15065 og Knöttur 16006.

Besta naut 2014 árgangsins valinn Hæll 14008.

Farið yfir 2015 árganginn í heild sinni og ákveðið úr hvaða nautum má henda sæði úr og hverjum ekki.

4. Staðan á erfðamengisúrválinu.

Guðmundur fór yfir stöðu mála. Hann sagði að sýnatöku til stækkunar á viðmiðunarhópnum væri að ljúka en ætlunin er að safna um 4 þús. sýnum til viðbótar þeim 8 þús. sem tekin voru veturinn 2017-18. Verkið hefur gengið vel, samvinna við bændur ákaflega góð og menn áhugasamir um framgang verkefnisins. Núna er búið að taka 3.922 sýni á 145 búum og því eftir að taka rétt rúmlega 100 sýni á 7 búum. Í lok nóvember voru send 1.245 sýni til greiningar hjá Eurofins í Danmörku, þar af 169 sæðis- og vefjasýni úr nautum/nautkálfum á nautastöðinni. Þar var um að ræða gripi fædda 2018-20 og svo eldri naut sem mistekist hafði að greina síðast.

Vinna Egils Gautasonar gengur samkvæmt áætlun og búið er að ráða Þórdísi Þórarinsdóttur til vinnu við yfirfærslu gagna í DMU og innleiðingar á nýju kynbótamati fyrir frjósemi. Hún mun sinna því eftir föngum en er núna í fæðingarorlofi.

Fagraði hefur borist erindi frá Matís um ósk um aðkomu að erfðagreiningum í tengslum við erfðamengisúrval í íslenskri nautgripærækt. Þar kemur fram að fyrirtækið telur ýmsa kosti fylgja því að arfgerðargreiningar færu fram héraðs og þá hjá Matís. Fagrað tekur undir þau sjónarmið sem fram koma í erindinu og beinir þeim tilmælum til RML, sem fer með framkvæmd ræktunarstarfsins, að leita samstarfs við Matís að því gefnu að fyrirtækið geti boðið greiningar á ásættanlegu verði.

5. Niðurstöður skýrsluhaldsins 2020.

Guðmundur fór yfir niðurstöður skýrsluhaldsins fyrir árið 2020. Afurðir jukust milli ára og hafa aldrei verið meiri eða 6.384 kg/árskú. Alls skiluðu 541 bú skýrslum á árinu en í árslok voru þau 533. Fjöldi árskúa dróst saman og voru þær 25.649 samanborið við 25.819 árið áður. Mestar meðalafurðir voru á Búrfelli í Svarfaðardal 8.579 kg/árskú og afurðahæsta kýrin var Smuga 465 í Ytri-Hofdölum í Skagafirði 14.565 kg sem eru mestu afurðir sem mælst á einu almanaksári. Í nautakjötsframleiðslunni jókst meðalfallþungi og flokkun batnaði. Guðmundur fór einnig yfir nokkrar lykilstærðir og meðal þeirra er hinn miklu kálfadauði hjá fyrsta kálfs kvígum.

Í framhaldinu var rætt um kálfadauða og hvaða ástæður gætu legið að baki miklum kálfadauða, sérstaklega hjá 1. kálfs kvígum.

6. Fagþing 2021.

Vegna Covid-19 faraldursins var fagþing 2020 slegið af borðinu og verður tæplega hægt að halda það þetta árið vegna samkomutakmarkana. Önnur hugmynd sem komið hefur fram er að hafa fagþingið sem fjarfundaröð þar sem eitt viðfangsefni væri tekið fyrir á hverjum fundi. Margréti og Guðmundi falið að skoða málið og koma þessum fundum af stað ef það þykir fýsilegt.

7. Þróunarsjóðurinn, ný umgjörð og aukið fjármagn 2021.

Formaður sagði frá því að þróunarsjóðurinn hefði þrefalt meira fjármagn til ráðstöfunar á þessu ári. Umsjón sjóðsins er nú í höndum atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytisins í stað Framleiðnisjóðs landbúnaðarins áður.

Formaður viðraði þá hugmynd að taka frá fjármagn á hverju ári og eyrnamerkja nemendaverkefnum, framhaldsnámi á sviði nautgripæræktar, nú þegar Framleiðnisjóður landbúnaðarins væri nú aflagður.

Hann minntist jafnframt á að vel gæti komið til greina að ráðstafa einhverjum fjármunum í endurmenntun.

Næsti umsóknarfrestur er 1. apríl n.k. og því þarf að vinna nýja umgjörð nokkuð rösklega.

8. Verkefnalisti í nautgriparækt fyrir nemendur í BSc. og MSc. námi

Formaður minntist á verkefnalista fyrir nemendur í nautgriparækt sem væri orðinn frekar þunnur þar sem búið væri að vinna verulegan hluta þeirra verkefna sem voru á honum. Það væri brýnt að koma nýjum hugmyndum inn á hann og þá mætti horfa til jarðræktar samhliða nautgriparækt.

Rætt um verkefnalistann og að til dæmis vantaði þar inn verkefni varðandi frjósemi.

Í framhaldinu var rætt um námskeiðahald fyrir kúabændur sem væri orðin mikil þörf fyrir.

9. Önnur mál.

Rætt um skýrsluhald í nautakjötsframleiðslu og að þróa þyrfti Huppu betur til þess að þjóna þeirri grein betur en nú er.

Fleira ekki tekið fyrir og fundi slitið.

Þórarinn Leifsson
(sign.)

Guðmundur Jóhannesson
(sign.)

Hermann Ingi Gunnarsson
(sign.)

Elín Heiða Valsdóttir
(sign.)

Sigurbjörg Ottesen
(sign.)

Sigtryggur Veigar Herbertsson
(sign.)

Egill Gunnarsson
(sign.)

Margrét Gísladóttir
(sign.)

Björn S. Gunnarsson
(sign.)

Fylgiskjöl:

1. Fundargerð 16. október 2020
2. Niðurstöður kynbótamats í janúar 2021
3. Helstu niðurstöður skýrsluhaldsins 2020
4. Bréf frá Matís varðandi aðkomu að erfðamengisúrvali